

Mánudaginn 26. júní 1916.

Nr. 13/1916:

Sveinn Jón Einarsson

gegn

borgarstjóra Reykjavíkur

f. h. bæjarsjóðs.

## D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Sveinn Jón Einarsson, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, gegn stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs til greiðslu á 953 kr. fyrir aukahreinsanir salerna bænum tilheyrandi, á árunum 1912—1914. Stefndi krafðist þess að verða sýknaður af kröfum og kærur áfrýjanda, en höfðaði jafnframt gagnsök á hendur honum til þess að fá hann dæmdan til að endurgreiða bæjar-sjóði kr. 258.18, er honum (áfrýjanda) hefði verið ofgreitt úr bæjarsjóði fyrir salernahreinsun árið 1913. Lauk málum þessum svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 10. febr. þ. á. að málsaðilar voru sýknaðir hvor af annars kröfum, málskostnaður í aðalmálinu var látinn falla niður, en í gagnsökinni var áfrýjandinn dæmdur í 10 kr. sekt, fyrir óparfaþrætu, og 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. febr. þ. á. og krafist þess, að stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, verði dæmdur til að greiða honum 953 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og málskostnað fyrir bæjarþingi og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir hins vegar gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 14. apríl þ. á., og hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði, að því aðalmálið snertir, staðfestur, en að því gagnsökina snertir, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða bæjarsjóði 258 kr. 18 auro ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, svo og til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum.

Tildrög máls þessa eru þau, að áfrýjandi hafði á hendi hreinsun salerna fyrir Reykjavíkurbæ árin 1912—1914, samkvæmt samningum við borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarstjórnar, dags. 6. júní 1912 (framlengdum 6. sept. 1913 til 1. jan. 1914) og 20. nóv. 1913. Samkvæmt samningnum frá 6. júní 1912 skyldi hreinsunarmaður hreinsa hvert salerni einusinni á viku og fá fyrir hverja hreinsun úr bæjar-sjóði 6 auro fyrir hvert salerni, sem notað er af 3 mönnum eða færri, 9 auro fyrir hvert salerni, sem notað er af 4—10 mönnum, og 13½ eyrir fyrir hvert salerni, er fleiri en 10 manns nota. Samkvæmt samningnum 20. nóvbr. 1913 skyldi hreinsunarmaður hreinsa hvert salerni einusinni á viku, mánuðina janúar, febrúar, marz, apríl, október, nóvember og desember, en hina mánuði ársins einusinni á hverjum 14 dögum, og fá fyrir hreinsun hvers salernis um árið kr. 1.50 fyrir hvert salerni, er 3 menn nota, kr. 2.25 fyrir hvert, sem notað er af 4—10 mönnum og kr. 3.50 fyrir hvert sem notað er af 11 mönnum eða fleiri, og samkvæmt viðauka við samning þennan 30. maí 1914, tók áfrýjandi að sér að hreinsa salerni bæjarins frá 1. maí til loka septembers einnig vikulega



fyrir 700 kr. aukaborgun. Í 8. gr. þessara samninga er hreinsunarmanni gert að skyldu að framkvæma aukahreinsanir eftir sérstakri beiðni. Þessi grein, sem er samhljóða í báðum samningunum, að öllu öðru leyti en gjaldhæðinni, hljóðar þannig: »Nú krefst húseigandi aukahreinsunar, og er þá hreinsunarmanni skylt að framkvæma hana gegn 50 aura — 20 aura í samningnum frá 20. nóvbr. 1913 — endurgjaldi fyrir hverja hreinsun frá húseiganda«. Samkvæmt þessari grein samninganna kveðst áfrýjandi hafa að fyrirlagi borgarstjóra framkvæmt aukahreinsun á salernum barnaskólans og á salernum á stakkstæðinu gegnt sölubúð Gunnars Gunnarssonar, bænum tilheyrandi, telur hann að hann hafi á tímabilinu frá 1. október 1912 til 31. desember 1913 framkvæmt 390 aukahreinsanir á salernum barnaskólans, er hann reiknar á 50 aura hverja eða 195 kr., og árið 1914 280 aukahreinsanir á 20 aura hverja eða 56 kr. Á stakkstæðissalernunum hafi hann á tímabilinu frá 1. júlí 1913 til 31. desember s. á. framkvæmt 780 aukahreinsanir á 50 aura hverja eða á 390 kr., og árið 1914 1560 aukahreinsanir á 20 aura hverja eða 312 kr., og er krafa áfrýjanda þannig fyrir allar aukahreinsanirnar 953 kr.

Það verður nú að telja sannað eða eigi mótmælt að áfrýjandi hafi framkvæmt aukahreinsanir þær, er hann gerir reikning fyrir, en ágreiningurinn er aðallega um það, hvort honum beri borgun fyrir þessar aukahreinsanir úr bæjarsjóði, og þá hve mikla.

Af hálfu stefnda er því neitað, að þáverandi

borgarstjóri hafi krafist þess að áfrýjandi framkvæmdi umræddar aukahreinsanir, og þegar af þeirri ástæðu geti hann ekki gert neitt tilkall til borgunar úr bæjarsjóði fyrir þær, en þótt þær hefðu verið framkvæmdar að tilhlutun réttra hlutaðeigenda, þá ætti áfrýjandi þó ekki að fá neina borgun fyrir þær.

Þetta hafi áfrýjanda verið ljóst frá upphafi og sjáist af því, að þá er hann gerði bæjarsjóði reikning fyrir salernahreinsununum árin 1912 og 1913 hafi hann ekki gert kröfu til neinnar borgunar fyrir umræddar aukahreinsanir, en þó átti hann eftir samningunum að fá borgun fyrir hreinsanir salerna mánaðarlega eftir á. Á hið sama bendi það og að áfrýjandi hafi í júní 1914 endurborgað bæjarsjóði orðalaust kr. 478.39, sem honum hafi verið ofborgað fyrir salernahreinsanir árið 1913.

Áfrýjandi hefir að vísu ekki getað sannað að borgarstjóri sjálfur hafi fyrirskipað umræddar aukahreinsanir, en þar sem því hefir eigi verið mótmælt, að áfrýjandi hafi framkvæmt hreinsanirnar á barnaskólasalernunum eftir fyrirlagi skólastjóra, og hreinsanirnar á stakkstæðissalernunum eftir fyrirlagi heilbrigðisfulltrúans, verður að álíta að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að ætla að þessar fyrirskipanir væru gerðar með samþykki borgarstjóra og að það væri skylda hans að framkvæma þær. Það skiftir því ekki máli þótt borgarstjóri hafi ekki sjálfur fyrirskipað þær.

Það, að áfrýjandi hefir eigi gert bæjarsjóði mánaðarlega reikning fyrir þessum aukahreinsunum og hefir fyrst komið fram með kröfu sína eftir að hann var hættur að annast salernahreinsunina fyrir bæ-



inn, án þess að færa neina sennilega ástæðu fyrir þessum drætti, bendir að visu til þess, að hann hafi upphaflega ekki álitnið að sér bæri sérstök borgun fyrir þær. En þetta verður þó eigi talin nægileg sönnun þess, að áfrýjandi hafi tekið að sér að framkvæma þær endurgjaldslaust. Það verður því að álíta að hann hafi rétt til að fá borgun fyrir þetta verk úr bæjarsjóði.

Svo sem fram hefir verið tekið reiknar áfrýjandi sér borgun fyrir hverja hreinsun, svo sem ákvæðið er í 8. gr. framanumgetinna samninga, 50 aura fyrir hverja hreinsun á tímabilinu frá 1. október 1912 til 31. desember 1913, og 20 aura fyrir hverja hreinsun árið 1914. Skýrir hann frá, að í barnaskólanum hafi hann hreinsað 9 salerni (= saurkyrnur) einusinni á viku og á stakkstæðinu 6 salerni (= saurkyrnur) 5 sinnum í viku.

Gagnvart þessu heldur stefndi því fram, að ákvæði 8. gr. samninganna eigi ekki við í þeim tilfellum, er hér ræðir um. Ákvæði greinarinnar um borgun fyrir aukahreinsun eigi einungis við þegar hreinsunarmaður þurfi að gera sér ferð til þess að hreinsa eitt og eitt salerni hingað og þangað út um um bæinn, en þar á móti geti greinin ekki átt við, þar sem svo mörg salerni séu á einum stað, og geti engin sanngirni mælt með því að borga meira fyrir aukahreinsanir á nefndum salernum bæjarins en sem svarar því, sem borgað er fyrir almennar hreinsanir.

Það verður nú að fallast á þá skoðun stefnda, að í 8. gr. samninganna sé aðeins átt við þau venju-

legu tilfelli að hreinsunarmaður þurfi að gera sér ferð til þess að hreinsa eitt og eitt salerni hingað og þangað um bæinn, en að svo viðtækar hreinsanir, sem hér ræðir um, hafi ekki verið hafðar fyrir augum, er borgunin fyrir aukahreinsanir var ákveðin. En þar sem borgunin fyrir verk þetta getur ekki talist samningsbundin, leiðir þar af að áfrýjandi getur ekki átt kröfu til hærri borgunar en þeirrar, er álitin verður sanngjörn og hæfleg, en sé hún borin saman við borgunina fyrir almennar hreinsanir og sérstaklega við það, að áfrýjandi með viðbótarsamningnum 30. maí 1914 tók að sér að hreinsa öll salerni bæjarins mánuðina maí, júní, júlí, ágúst og september einu sinni á viku fyrir 700 kr. aukaborgun, þá virðist það ljóst, að borgun sú, er áfrýjandi fer fram á í máli þessu, er ósanngjörn og óhæfleg. Þar sem hreinsun umræddra salerna bæjarins virðist ekki að neinu leyti hafa verið erfiðari eða hreinsunarmanni kostnaðarsamari en hin almenna hreinsun, virðist rétt að borgunin til áfrýjanda verði ákveðin eftir sama mælikvarða, þó þannig að hvert salerni verði skoðað sem notað af fleiri mönnum en 10 eða eftir hæsta taxta. Eftir reikningi áfrýjanda voru 1170 hreinsanir framkvæmdar á því tímabili, er samningurinn 6. júní 1912 gildi, og ber honum þá fyrir hverja hreinsun  $13\frac{1}{2}$  eyrir eða kr. 157.95. Árið 1914 bar honum samkvæmt samningnum 20. nóvbr. 1913 að hreinsa hvert salerni 41 sinni; fyrir stærstu salernin átti hann að fá 3 kr. 50 aur. fyrir hvert. Telst þá svo til að fyrir hverja hreinsun hafi honum



borið  $8\frac{1}{2}$  eyrir eða fyrir 1840 hreinsanir kr. 156.40 eða alls kr. 314.35.

Hvað gagnsökina snertir, þá er henni svo varið, að endurskoðunarmenn bæjarreikningsins fyrir 1913 gerðu meðal annars þá athugasemd við reikninginn, að salernahreinsunarmaður (þ. e. áfrýjandi) hefði reiknað sér fyrir hreinsun salerna frá 1. júlí 1912 til ársloka 1913 kr. 11649.69 og telji hann salerni þau, er hann hafi hreinsað jafnmörg bæði árin, 180 fyrir 3 menn, 1196 fyrir 4—10 menn og 229 fyrir 11—15 menn, telja þeir salernin rétt tilfærð 1912, en 1913 sé tala þeirra eftir salernaskránni 182, 1222 og 174. Telja þeir því að gjaldið eigi að reiknast þannig:

árið 1912	kr. 3883.23
-----------	-------------

árið 1913	— 7508 28
-----------	-----------

Samtals kr. 11391.51 eða

258 kr. 18 aur. lægra en það sé talið í reikningi áfrýjanda. Lagði fjárhagsnefnd bæjarstjórnarinnar til að umræddar kr. 258.18 væru innheimtar hjá áfrýjanda. Mun reikningurinn hafa verið úrskurðaður á þann veg. Áfrýjandi hefir neitað að endurgreiða þessa upphæð, telur hann reikning sinn um tölu salernanna réttann, einnig fyrir árið 1913.

Hér fyrir réttinum hefir verið lögð fram salernaskrá bæjarins 1913 samin af borgarstjóra og dags. 27. marz 1913, og kemur hún heim við athugasemd endurskoðenda um tölu salernanna. Áfrýjandi hefir að vísu mótmælt skjali þessu sem óábyggilegu, en þar sem hann hefir ekki véfengt skrá þessa í neinu einstöku atriði eða bent á galla á henni, verður ekki hjá því komist að leggja hana til grundvallar við út-

reikning á borgun þeirri, er áfrýjanda ber úr bæjarsjóði og verður því að skylda áfrýjanda til að endurgreiða bæjarsjóði umræddar 258 kr. 18 aur.

Í aðalmálinu átti áfrýjandi samkvæmt framan-sögðu að fá úr bæjarsjóði kr. 314.35 en hinsvegar ber honum að endurgreiða bæjarsjóði 258 kr. 18 aur. Mismuninn 56 kr. 17 aur. ber að dæma stefnda f. h. bæjarsjóðs að greiða áfrýjanda með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 11. júní 1915, til borgunardags. Um málskostnað í undirrétti og um sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, þó svo að áminst sekt sé 4 kr., sbr. tilsk. 11. ágúst 1819 2. gr. og tilsk. 24. jan. 1838 3. gr. Eftir málavöxtum á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Sveini Jóni Einarssyni, 56 kr. 17 aur. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags.

Í málskostnað fyrir undirrétti greiði áfrýjandi stefnda 20 kr. svo og 4 kr. sekt í landssjóð fyrir óparfa þrætu. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.